



ÍSLANDSHÓTEL

Persónuverndaryfirlýsing

til umsækjenda um störf hjá Íslandshótelum

Varðandi umsókn þína hjá samstæðu Íslandshótela hf. mun fyrirtækið sem ábyrgðaraðili safna og vinna með persónugreinanlegar upplýsingar þínar í þeim tilgangi sem tilgreindur er hér að neðan. Vinsamlegast kynnið ykkur vel eftirfarandi atriði til þess að skilja hvernig við vinnum með persónuupplýsingar þínar.

Hvaða gögnum söfnum við um þig og í hvaða tilgangi

Við söfnum og vinnum eftirfarandi persónuupplýsingar til þess að meðhöndla umsókn þína og annað tengt ráðningarferlinu:

- Nafn; kennitala; netfang; heimilisfang; símanúmer; mynd; upplýsingar um fyrri atvinnu og menntun og aðrar upplýsingar sem koma fram í ferilskrá; prófskírteini og önnur skjöl sem þú hefur útvegað okkur; upplýsingar frá meðmælendum, ef við á; innra mat sem fer fram á þér í tengslum við umsóknina og sakavottorð ef eðli starfsins kallar á slíkt.

Sjálfvirk gagnavinnsla

Sjálfvirk gagnavinnsla fer fram í tengslum við ráðningar hjá Íslandshótelum að því leyti að umsóknir eru forflokkaðar sjálfvirkt miðað við þær menntunar- og hæfniskröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfs.

Frá hverjum söfnum við þínum persónuupplýsingum?

Upplýsingunum er safnað frá þér og eftir atvikum í gegnum umsagnaraðila sem þú bendir okkur á. Í sumum tilvikum er notast við ráðningarskrifstofur sem sjá um að flokka umsækjendur miðað við þær hæfnis- og menntunarkröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfs.

Lagalegur grundvöllur fyrir vinnslu

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga þinna er byggð á því að vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning eða til að gera ráðstafanir að beiðni umsækjanda áður en samningur er gerður, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Hvert flytjum við gögnin þín?

Flutningur gagna til vinnsluaðila

Í tengslum við úrvinnslu umsóknar þinnar er mögulegt að gögn þín séu flutt til umsjáraðila upplýsingakerfa sem vinna með eða geyma gögn fyrir okkur. Vinnslusamningur við viðkomandi aðila liggur að baki slíkum flutningi.

Hversu lengi geymum við persónuupplýsingar um þig?

Við geymum persónuupplýsingarnar svo lengi sem við teljum nauðsynlegt til að uppfylla þann tilgang sem nefndur er hér að ofan, þó ekki lengur en sex mánuði.



ÍSLANDSHÓTEL

Réttindi þín

Með fyrirvara um þau skilyrði sem nánar er fjallað um í gildandi löggjöf um persónuvernd, þá átt þú rétt á:

- Aðgengi að persónuupplýsingunum
- Að láta leiðrétta / eða eyða persónuupplýsingum
- Að láta takmarka vinnslu með persónuupplýsingar
- Að draga til baka samþykki hvenær sem er
- Að andmæla vinnslu persónuupplýsinga
- Að andmæla gerð persónusniðs

Þú hefur einnig rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd sjáir þú ástæðu til þess. Upplýsingar um Persónuvernd má finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

Frekari upplýsingar

Vinsamlegast hafðu samband við okkur í gegnum hr@islandshotel.is ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi vernd persónuupplýsinga þinna eða ef þú vilt nýta þér lagaleg réttindi þín.

Íslandshótel hf.
Sigtúni 28
105 Reykjavík

Endurskoðun persónuverndaryfirlýsingar

Persónuverndaryfirlýsing þessi er endurskoðuð reglulega og uppfærð ef tilefni er til. Síðast var yfirlýsingin uppfærð þann 05.11.2018.